

## **8. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 09.11 2010, kl. 13.30**

---

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar, ásamt fulltrúum frá HSA.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

### **Dagskrá:**

- 1. Heilbrigðisstofnun Austurlands/Einar Rafn Haraldsson, framkvæmdastjóri**
- 2. Mannvit, verkfræðistofa/Skarphéðinn Smári Þórhallsson**  
Bréf Mannvits dags. 26.10
- 3. Markaðsstofa Austurlands/ Ásta Þorleifsdóttir**  
Bréf Markaðsstofu dags. 04.10
- 4. Skýrsla oddvita**
- 5. Kjörskrá fyrir stjórnlagagæmskosningar 27. nóvember**
- 6. Tilnefning fulltrúa Fljótsdalshrepps í starfshóp “Austfirsk eining,,**
- 7. Málefni Hallormsstaðaskóla**
- 8. Fjallaskarð**  
Bréf Fljótsdalshéraðs dags. 07.10 og 04.11
- 9. Laugarfell**
  - a) Ósk verktaka um framlengingu á skilátíma
  - b) Verkfundargerðir 06.10- 22. 10 og 04.11
  - c) Gönguleiðakort
- 10. Bréf**
  - a) Umhverfisstofnun 29.10
  - b) Minjasafn Austurlands dags. 18.10
  - c) Velferðarvaktin 25.10
  - d) Fiskistofa 15.09
  - e) Umhverfisstofnun dags. 11.10
  - f) EBÍ Brunabót dags. 12.10
  - g) Félag safna og safnmanna dags 20.09
  - h) Þorsteinn Pétursson dags 08.11
- 11. Umhverfisstyrkir**
  - a) Þóhallur Þorsteinsson, upplýsingar
  - b) Þorvarður Ingimarsson og Sólveig Ólafsdóttir
  - c) Guðmundur Pétursson og Anna Jóna Árnarsdóttir
- 12. Fjárbeiðnir**  
Stígamót
- 13. Fundargerðir**
  - a) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 14.10 og fjárhagsáætlun safnsins 2011, ásamt skýringum
  - b) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 20.10 og 03.11
  - c) Aðalfundur HAUST 06.10, ásamt skýrslu stjórnar
  - d) Minjasafn Austurlands 14.10
  - e) Skólaskrifstofa Austurlands 16.09
  - f) Fundargerð Héraðsforeldra 13.10, ásamt ályktun
  - g) Dvalarheimili aldraðra 20.10
- 14. Önnur mál**

- 1. Heilbrigðisstofnun Austurlands.** Í forföllum framkvæmdastjóra HSA voru mættir til fundar við sveitarstjórn , Emil Sigurjónsson og Kjartan Einarsson. Rætt var um erfiða stöðu heilbrigðismála á Austurlandi í ljósi niðurskurðar sem boðaður hefur verið í fjárlögum næsta árs. Ef fjárlög ganga eftir verður niðurskurður á svæði HSA um 23% , sjúkrarúm leggjast að mestu leyti af á svæðinu og fækkun starfa gætu orðið 80-90 manns, að stórum hluta er um að ræða störf kvenna. Fundarmenn eru sammála um að niðurskurðurinn ógni grunnþjónustu á svæðinu, búsetuskilyrði skerðast, atvinnutækifæri og tekjur tapast og heilbrigðisþjónustan verður skilin eftir í sárum. Beita verður öllum tiltækum ráðum og rökum gegn boðuðum niðurskurði og skorað á ráðamenn þjóðarinnar að leita annarra ráða í sparnaði ríkisins, en að leggja heilbrigðisþjónustu á Austurlandi í rúst og skerða stórlega líf skjör á landsbyggðinni. Fulltrúum HSA þökkuað koman og yfirlög þeir Emil og Kjartan fundinn kl. 14.30
- 2. Mannvit, verkfræðistofa.** Skarphéðinn Smári Þórhallsson starfsmaður Mannvits og Tryggvi Már Ingvarsson deildarstjóri Þjóðskrár mættu til fundar við sveitarstjórn kl. 14.30.  
Bréf Mannvits dags. 26.10. Mannviti óskar eftir að fá að koma á fund sveitarstjórnar til að kynna þjónustu Mannvits varðandi uppmælingar landamerkjia og annan frágang slíkra gagna. Mannvit er reiðubúið að taka að sér uppmælingar og gera landamerkjablöð klár til þinglýsingar.  
Smári kynnti verkefnið og verkferla sem í því fælust og ræddi skyldur landeigenda, sveitarfélaga og annarra aðila samkv. gildandi lögum og reglugerðum. Tryggvi Már fór yfir aðkomu Þjóðskrár að sambærilegum málum og möguleika á samvinnu við þá aðila sem vinna hnitsettar landamerkjaskráningar, vistun ganga í miðlægum grunni o.fl.. Þjóðskrá hefur tekið yfir verkefni Fasteignamats ríkisins og m.a. unnið að undanförmu með Búnaðarsambandi Vesturlands og Landlínunum að landamerkjaskráningum á Vesturlandi. Oddviti sagði frá því að sveitarstjórn hefði áhuga á að landamerki í Fljótsdalshreppi verði hnitsett og skráð og m.a. verið í viðræðum við aðila um að taka slíka skráningu að sér. Ekki hefur náðst nein niðurstaða í þær viðræður enn sem komið er og telur sveitarstjórn því jákvætt ef Mannviti verkfræðistofa gerir sveitarfélaginu tilboð í þetta verk.  
Skarphéðini Smára og Tryggva þökkuað koman og yfirlög þeir fundinn um kl. 16.00
- 3. Markaðsstofa Austurlands.** Fulltrúar Markaðsstofu Austurlands þau Ásta Þorleifsdóttir og Skúli Björn Gunnarsson mættu á fundinn kl. 16.00.  
Bréf Markaðsstofu dags. 04.10. Óskað er viðræðna um þátttöku sveitarfélaga í rekstri Markaðsstofunnar og farið þess á leit að fulltrúar MA fái að koma og kynna starfsemina.  
Ásta kynnti starfsemina, fjármögnun hennar og fór yfir ýmsar upplýsingar um fjölda gesta á Austurlandi sl. sumar og sagði að jaðaráhrif ferðaþjónustu væru veruleg t.a. m. í veltu verslana og þjónustu. Markaðsstofan óskar eftir að núverandi samningar við sveitarfélögin sem runnu út í sumar, verði framlegndir til áramóta og að sveitarfélög á svæðinu verði áfram þátttakendur í rekstri stofunanr á svipaðan máta og áður, en fjárframlög frá ríkinu munu að öllum líkindum dragast saman og fólksfækkun hefur orðið á svæðinu sem rýrir tekjur til MA og nokkur áhersla mun því lögð á sveitarfélögin hækki framlög sín. Ferðaþjónustuaðilar og fyrirtæki á svæðinu eru í auknum mæli orðnir aðilar að MA. Framlag sveitarfélaganna per íbúa er nú 650,- kr. Umræður voru um

möguleika ferðþjónustu í Fljótsdal og áhugaverðar áherslur í því sambandi. Skúli Björn kynnti samantekt á upplýsingum úr ferðateljara sem settur var upp við gönguleið að Hengifossi sl. sumar. Fyrsti dagur sem teljarinn var virkur var 3. júlí og síðast lesið af 25. september. Meðalfjöldi í þessa 84 daga voru 199 einstaklingar, eða um 16700 manns sem gengu upp að Hengifossi. Sjáanleg áhrif voru þá daga sem úrslitaleikir HM stóðu yfir og einnig þegar Norræna er á Seyðisfirði. Ekki dró verulega úr fjölda fyrr en í lok ágúst og í september hrapar meðaltal ekki niður fyrr en seinnipart mánaðarins. Ástu og Skúla Birni þökkðu koman og yfirgáfu þau fundinn um kl. 17.

Sveitarstjórn samþykkir að framlengja núverandi samning við Markaðsstofuna til næstu áramóta og felur oddvita að skrifa undir samninginn. Einnig mun áframhaldandi samingur verða skoðaður með jákvæðum huga við gerð fjárhagsáætlunar.

#### **4.Skýrsla oddvita.**

Oddviti var í fríi frá 28. okt til 5.nóv , varaoddviti annaðist afleysingu.

Oddviti sat Fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga og Ársfund Jöfnunarsjóðs, í Reykjavík 14. og 15. nóv. Á Fjármálaráðstefnunni var m.a. fjallað um afkomu sveitarfélaganna 2009 og horfur ársins 2010, kynnt var starf tekjustofnanefndar og fjallað um rekstur skóla og velferðarþjónustu í erfiðu árferði, svo eitthvað sé nefnt. Á ársfundi Jöfnunarsjóðs voru kynntar mögulegar breytingar á úthlutun úr sjóðnum, miðað við 2 útfærslur sem til skoðunar eru. Samkæmt útfærsluleið 1 sem nú hefur verið kynnt að verði notuð árið 2011 , verða áhrif á framlög til Fljótsdalshrepps lítil sem engin, verði í framhaldinu valkostur 2 tekinn sem viðmið skerðast framlögin talsvert og á öllu Austurlandi verulega.

Í suðurferðinni heimsótti oddviti fyrirtækið Alta , en það fyrirtæki hefur verið áhugasamt um að bjóða sveitarfélaginu þjónustu sína á sviði m.a. á sviði skipulagsmála og er um margt leiðandi í framsetningu ýmissa skipulagsgagna.

Fljótsdalshreppur fær ekki úthlutað aukaframlagi úr Jöfnunarsjóði 2010.

Fundað var í starfshópi SSA um flutning málefna fatlaðra til sveitarfélaga, á Eg. 22. okt. Undirbúningur að viðtöku málaflokkisins á Austurlandi gengur ágætlega og er starfshópurinn sammála um að leggja til að tekið verði við verkefninu, ef sú staða kemur upp að flutningurinn verður ekki á landsvísu. Unnið er að breytingu á byggðasamlagssamningi um Skólaskrifstofu Austurlands, þannig að Skólaskrifstofan haldi utan um málflokkinn á Austurlandi og unnið að gerð samninga við Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs og Félagsþjónustu Fjarðabyggðar um að annast þjónustuna.

Oddviti sat verkfundi í Laugarfelli 6. og 22. okt og varaoddviti 4. nóv.

Þá mætti oddviti sem varamaður á stjórnarfund SSA á Reyðarfirði 27. okt.

Þingmenn kjördæmisins voru á ferð á Austurlandi 25. okt og buðu sveitarfélögum til viðræðna um áherslumál sín. Oddviti hitti þingmennina fyrir hönd Fljótsdalshrepps. Helstu mál sem rædd voru: Nytjaskógar og úrvinnsla trjáviðar, starfsemi á Skriðuklaustri, fjarSKIPTI og endurbygging vega í Fljótsdal,

landbúnaður, endurgreiðsla vsk til sveitarfélaga, opinber störf á landsbyggðinni og málefni HSA.

Sveppabókin eftir Helga Hallgrímsson er komin út og hafa þau 10 eintök sem samþykkt var að kaupa borist sveitarfélaginu. Viðamikil og glæsileg bók.

Samband íslenskra sveitarfélaga stendur fyrir námskeiðum fyrir sveitarstjórnarfólk. Námskeið fyrir Austurland verður að öllum líkindum í janúar.

Lokið hefur verið við þær lagfæringar sem fyrirhugaðar voru á Klausturselsslóð nú í haust. Verktakar voru Sveinn Ingimarsson og Einar Guðsteinsson. Einnig voru gerðar verulegar endurbætur á vegi að Laugarfellskála. Verktaki var Ylur.

Alþingi sendir ýmis mál til umsagnar hjá sveitarfélögum, en tími til að skila inn umsögnum er yfirleitt mjög lítil og sjaldnast næst að fjalla um framlögð frumvörp innan tilskilins tíma. Á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga eru mjög oft gerðar umsagnir um mál sem varða sveitafélögin.

Vegna framkvæmda við jarðstrengi í Suðurdal var leitað umsagnar Veiðifélags Kelduár og Fiskistofu. Jákvæðar umsagnir fengust sem höfðu ekki áhrif á framkvæmd verksins. En nokkrar tafir hafa verið af völdum þess að afhending á rafmagnsstreng til Rarik dróst.

Skilað hefur verið skýrslu til Umhverfisstofnunar vegna uppgjors á minka-og refaveiðum. Aðeins eitt greni var unnið sl. vor með 7 grendýrum, hlaupadýr voru 9. 3 minkar voru veiddir. Heildarkostnaður var 665 þús, þar af vsk. 133 þús.

Landsvirkjun hefur sent skýrsluna, LV-2010/088 Gróðurannsóknir vegna hættu á áfoki frá Háslóni”.

Fljótsdalshérað hefur gefið út Náttúrumæraskrá Fljótsdalshéraðs sem Helgi Hallgrímsson tók saman. Skráin er að stofni til byggð á náttúrumæraskrá sem tekin var saman fyrir Svæðaskipulag Héraðssvæðis og í skránni eru nú eins og áður ýmis náttúrumæri í Fljótsdalshreppi (kaflí 6 og að hluta kaflí er nefndur er Héraðsöræfi). Nokkurs misskilnings gætir greinilega vegna nafns á skránni og er m.a. greint frá því á heimasíðu sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs að skráin sé lýsing á stöðum og svæðum í sveitarfélaginu, en ekki tiltekið að skráin taki einnig til náttúrumæra í Fljótsdalshreppi. Baksíða ritsins prýðir mynd af Strútsfossi í Fljótsdalshreppi.

Fyrstu niðurstöður alþjóðlegrar könnunar „ Heilsa og lífskjör skólanema á Norðaustursvæði 2006-2010” hafa verið kynntar í skýrslu sem unnin var af Háskólanum á Akureyri.

Mennta-og menningarmálaráðuneytið og Æskulýðsráð hafa sameiginlega gefið út og sent sveitarfélögum ritið „ Ábyrgð aðila sem standa fyrir félags-og tómsundastarfi fyrir börn og unglinga”.

## **5.Kjörskrá fyrir stjórnlagabingskosningar 27. nóvember.**

Frestað vegna þess að gögn hafa ekki borist.

## **6.Tilnefning fulltrúa Fljótsdalshrepps í starfshóp “Austfirsk eining,,**

Samþykkt að oddviti verði fulltrúi sveitarfélagsins, til vara varaodviti.

### 7.Málefni Hallormsstaðaskóla.

- a) Kynnt var húsaskoðunarskýrsla HAUST á skólahúsnæði Hallormsstaðaskóla. Þar komu fram ýmsar ábendingar um viðhald á skólahúsnæðinu.
- b) Fundargerðir skólanefndar Hallormsstaðaskóla 20.10 og 03.11. Samkvæmt fundargerð 3. 11 var fjárhagsáætlun Hallormsstaðaskóla samþykkt af nefndinni á fundinum. Fjárhagsáætlunin barst Fljótshreppi frá fræðslufulltrúa Fljótshéraðs eftir samþykkt skólanefndar.  
**“Sveitarstjórn gerir alvarlega athugasemd við að fjárhagsáætlun Hallormsstaðaskóla hefur ekki verið unnin í samráði við oddvita Fljótshrepps, eins og kveðið er á í samningi sveitarfélaganna um rekstur skólans.”**

### 8. Fjallaskarð.

Bref Fljótshéraðs dags. 07.10 og 04.11. Varða byggingarleyfisumsókn um endurbætur á aðstöðu í Fjallaskarði. Málið er í vinnslu.

### 9.Laugarfell.

- a) Ósk verktaka um framlengingu á skilátíma. Samþykkt að framlengja skilátíma til 1. mars 2011.
- b) Verkfundargerðir 06.10- 22. 10 og 04.11. Kynntar. Timburmenn óska eftir að Fljótshreppur taki þátt í kostnaði við rekstur rafstöðvar þar sem þeir höfðu gert ráð fyrir að rafmagn væri komið á 15. ágúst, en tengingu var ekki lokið fyrir en 15. september. Kostnaður við rekstur rafstöðvarinnar á mánuði er sagður vera 200.000,- kr. Í útboðsgögnum kom fram að að verktaki mætti búast við að rafmagn kæmist á í ágúst.  
*Þorvarður vék af fundi vegna fjölskyldutengsla við verktaka.*  
Samþykkt tillaga Jóhanns um að sveitarfélagið greiði verktakanum mismun kostnaðar þess að reka rafstöðina þetta tímabil (þ.e.4 vikur) og rafmagnskostnaðar. Verður gert upp í verklok.  
*Þorvarður kom aftur til fundar*
- c) Gönguleiðakort. LV afhenti sveitarfélaginu gönguleiðakort af svæðinu við Laugarfell til notkunar, kortin hafa verið unnin á rafrænan grunn. Heimild til notkunar í óbreyttri mynd er skilyrt því að merki LV verði til staðar á skiltunum.

Samþykkt að slíta fundi og fresta öðrum liðum til næsta fundar. Sveitarstjórn þarf koma saman til aukafundar fljótlega , þar sem m.a. þarf að fara yfir kjörskrá til stjórnlagabings.

Fundi slitið kl. 18.45.

Þorvarður ritaði fundargerð.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)  
Þorvarður Ingimarsson (sign)  
Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)  
Lárus Heiðarsson (sign)  
Jóhann F. Þórhallsson (sign)